

Ed.

423. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar, er gera skal hjer grein fyrir.

Það, sem nefndin athugaði fyrst, var 10. gr. frumvarpsins, sem bætt var inn í frumvarp stjórnarinnar í háttv. Nd., um það, að þriðjungur skattsins skyldi renna fyrsta árið í sýslusjóði og bæjarsjóði.

Nefndin var öll sammála um það, að nauðsyn bæri til þess að veita þessum sjóðum fastar tekjur, og sumir nefndarmanna voru þessu ákvæði frumvarpsins hlyntir í byrjun, en þegar nefndin fór að athuga þetta nánar, kom hún sjer saman um að leggja til, að þetta ákvæði væri felt í burtu. Hún sá fyrst og fremst, að ekki gat komið til mála að halda ákvæðinu upp á reikning rikissjóðs, eins og hv. Nd. virðist gera, og hefði þá þurft að hækka skattinn um alt að helmingi, til þess að ekki rýrnuðu tekjur rikissjóðsins af fasteignum úti um land, og svo virtist nefndinni, að tekjur til sýslu- og bæjarsjóða þyrfti að leggja á fleiri gjaldstofna en þennan, og það öllu heldur t. d. á tekjurnar, sem lagðar eru til grundvallar fyrir tekjuskattsfrumvarpinu; en þá var vandinn, að vita hvað mikið skyldi leggja á hvern sjerstakan gjaldstofn, nema þeir væru athugaðir allir í einu.

Þá lá næst fyrir nefndinni að athuga um það, hvað skatturinn til rikissjóðs þyrfti að vera hár, til þess að hann að minsta kosti gæfi ekki minni tekjur en fengist eftir gildandi lögum (fasteignamatslögum), að viðbættum skatti af lóðum, sem er alveg nýr, og nokkurri hækkun á húsaskatti í kaupstöðum og kauptúnum, vegna þess að veðskuldir, er á þeim hvila, drágast ekki frá.

Samkvæmt hinu nýafstaðna fasteignamati, ætti ábúðarskatturinn að vera um 107000 kr., lóðaskatturinn samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar um 67000 kr. og húsaskatturinn um 78000 kr., eða samtals 252000 kr., en frumvarp stjórnarinnar gefur ekki alls nema 240000 kr. og það frumvarp, sem hjer liggur fyrir, aðeins 181000 kr., og væri svo þriðjungurinn af því lagður til sýslusjóða og bæjarsjóða, þá fengi rikissjóður aðeins rúmar 120000 kr., eða um 132000 kr. minna en hann hefði eftir gildandi lögum og fremur lágum lóðaskatti. Nefndin setti sjer því það sem takmark, að skatturinn alls til rikissjóðs yrði ekki lægri en 250—260 þúsund krónur, og það því fremur, þegar þess er gætt, að lausafjárskatturinn fellur niður og mikill efi er á því, að hann náist upp aftur með hækkuðum tekjuskatti af landbúnaði.

Þá kom til að athuga sambandið milli þessa frumvarps og fasteignamatslaganna. Í þeim er svo ákveðið, að 10 ára umbætur á jörðum skyldu vera skattfríar. Þetta ákvæði er að vísu ekki svo sjálfsagt, að frá því mætti ekki vikja, en samræming matsins er byggð á þessu, og það mundi valda nýju ósamræmi, ef

farið væri að bæta þeim aftur við til skatts. Þess vegna hefir nefndin fallist á að undanskilja þær skatti að þessu sinni, eins og gert er í fasteignamatslögnum, og eins er með mannvirki, sem talin eru á lóðum hjer í Reykjavík, enda nemur ekki skatturinn af þessu hvorutveggja nema um 7000 krónum.

Í fasteignamatslögnum eru öll hús leiguliða, húsmanna, þar á meðal þurrabúðir, og loks það af húsum sjálfseignarbænda, sem nemur meiru en hálfu jarðarverðinu, undanskilin skatti, en í þessu frumvarpi er öllum húsum gert jafnhátt undir höfði, öll sköttuð og það jafnt. Þetta er ekki hægt að segja um annað en sje nokkuð mikil breyting, og er hætt við, að sumum komi hún á óvart og þyki hún ekki í alla staði rjettlát. Það hefir þó orðið ofan á í nefndinni að láta við það sitja að gera öll hús, sem eru einstakra manna eignir, skattskyld, mest vegna þess, hvað sundurgreiningin milli húsa leiguliða og húsa sjálfseignarbænda er óljós, og getur aldrei staðið á steini. Á hinn bóginn var meiri hluti nefndarinnar samdóma um það, að ekki væri rjettlátt að setja jafnháan skatt á hús í sveitum sem í kaupstöðum og kaupúnum, og leyfir sjer því að koma með slíka breytingu.

Eins og áður er bent á, taldi nefndin, að tekjurnar af frumvarpinu fyrir rikissjóð mættu ekki vera lægri en um 260000 kr. Til þess að ná því takmarki, gerði nefndin ýmsar tilraunir, og varð meiri hlutinn að lokum ásáttur um, að skatturinn af landi og lóðum, án umbóta, væri 4 af þúsundi; af húsum í verslunarstöðum 2 af þús. og af öllum öðrum húsum $1\frac{1}{2}$ af þús.

Þetta reiknaðist nefndinni þannig:

1. Land og lóðir, án umbóta, kr. 43240732 með $4\frac{0}{100}$ = kr. 172963
2. Hús í kaupstöðum og kaupúnum kr. 38910178 með $2\frac{0}{100}$...	= — 77820
3. Öll önnur hús kr. 13131200 með $1\frac{1}{2}\frac{0}{100}$	= — 19696
	Samtals kr. 270479

Þessar 10—15 þús. krónur, sem þarna verða fram yfir, verða, að áliti nefndarinnar, fráleitt meira en fyrir vanhöldunum, sem verða á lausafjárskattinum við það að breyta honum í tekjuskatt, því fremur, sem tekjuskattur af landbúnaði er í gildandi lögum, en gefur þó furðu lágar tekjur, ekki af því, að tekjurnar hafi verið svo litlar undanfarin ár, heldur af því, að tekjuskattur hefir jafnan reynst að vera óvissar tekjur fyrir það opinbera, nema frá embættismönnum og öðrum, sem hafa haft ákveðin laun.

Þá hefir nefndin ekki getað fallist á ákvæði 9. greinar frumvarpsins, fremur en í frumvarpinu um lestagjald af skipum. Henni virðist, að með því sje gefinn helst til greiður aðgangur til þess að hækka skattinn, þrátt fyrir það, þó háttv. neðri deild setti það ákvæði inn, að þetta yrði að vera samþykkt af $\frac{2}{3}$ atkvæða í sameinuðu Alþingi. Nefndin leggur því til, að þessi grein falli burt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að háttv. efri deild samþykki frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

- a. Á eftir orðinu »jarðeignum« í 1. lið komi:
að frádregnum 10 ára mannvirkjum.

b. Í staðinn fyrir »2¹/₂« komi:

4.

2. Við 1. gr.

2. liður orðist svo:

af húsum í kaupstöðum og kauptúnum, til hvers sem þau eru notuð,
2 af þúsundi, og af öllum öðrum húsum, sem eru einstakra manna eign, 1¹/₂
af þúsundi.

3. Við 9. gr.

Greinin falli burt.

4. Við 10. gr.

Greinin falli burt.

Alþingi, 28. apríl 1921.

Sig. Eggerz,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari, með fyrirvara.

Guðjón Guðlaugsson,
framsm.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.

Sigurjón Friðjónsson,
með fyrirvara.